



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2566
komudagur 7.5.2008

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 05.05.2008

Tilv. 023

HG

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010, 519. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 29. apríl 2008, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010, 519. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar, en fulltrúar stofnunarinnar tóku þátt í samningu hennar auk þess sem siglingamálastjóri situr í samgönguráði, sem hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar, sbr. 3. gr. laga nr. 71/2002 um samgönguáætlun. Stofnunin vill þó benda á að frá því að hún skilaði af sér tillögum vegna málsins til ráðuneytisins í nóvember síðastliðinn hafa verðhækkanir á framkvæmdum orðið langt umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Á það bæði við um efniskaup erlendis frá og verktakakostnað sem mjög eru háður olíuverði og fjármögnunarkostnaði í erlendri mynt. Þetta gerir það nauðsynlegt að taka allar kostnaðartölur til endurskoðunar og á það ekki síður við um verkefni sem eru á áætlun árið 2008. Sem dæmi má nefna að kostnaður við gerð Landeyjahafnar er á verðlagi í dag áætlaður 3.925 m.kr. en er 3.418 m.kr. í þingsályktunartillögunni. Þá skal nefnt að þann 17. apríl síðastliðinn voru opnuð tilboð í ferjusamgöngur milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja. Í kafla 3.1 í siglingamálahluta þingsályktunartillögunnar er áætlað að 15 ára þjónustusamningur vegna þessa verkefnis muni kosta ríkissjóð 8.800 m.kr. Eitt gilt aðaltilboð barst og hljóðaði það upp á 16.324 m.kr. en kostnaðaráætlun á verðlagi opnunardags nam 10.174 m.kr. Það er því ljóst að skoða verður þetta verkefni sérstaklega við afgreiðslu samgönguáætlunarinnar.

Virðingarfyllst,
F.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri